



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

## Umsögn Minjastofnunar Íslands um mál 425, þingskjal 607 á 148. Löggjafarþingi 2017-2018 - frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða

Minjastofnun Íslands hefur tvívegis fengið drög að umræddu frumvarpi til umsagnar og var vel brugðist við öllum helstu ábendingum stofnunarinnar og breytingar gerðar til samræmis við það.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við texta frumvarpsins en bendir á að við skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum kann að koma til þess að stofnunin þurfi sjálf að kalla eftir gögnum á kostnað skipulags- eða framkvæmdaðila með sama hætti og lög kveða á um í landi, sbr. 16.gr laga um menningarminjar nr. 80 frá 2012, þar sem segir:

„Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.“

Í 3. gr. sömu laga segir enn fremur:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Í 21. gr. segir:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Og að lokum er rétt að benda á 23. gr. sömu laga þar sem segir:

„Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.“

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Guðmundur Stefán Sigurðarson  
Minjavörður Norðurlands vestra